

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir sjálfseignarstofnunina Bókmenntahátíðin í Reykjavík.

### 1. gr.

#### *Stofnendur.*

Halldór Guðmundsson, kt. 080256-4779, Einar Kárason, kt. 241155-4479, Friðrik Rafnsson, kt. 050259-7149, Örnólfur Thorsson, kt. 080654-4489, Thor Vilhjálmsson, kt. 120825-3219, Sigurður G. Valgeirsson, kt. 220554-3419 og Pétur Már Ólafsson, kt. 040965-4679 stofna hér með sjálfseignarstofnunina Bókmenntahátíðin í Reykjavík.

Heimili stofnunarinnar er Bakkasel 19, 109 Reykjavík.

Stofnunin starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

### 2. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnendur leggja fram stofnframlag til Bókmenntahátíðarinnar í Reykjavík kr. 581.000. Stofnféð er óskerðanlegur höfuðstóll sem ávaxta skal með tryggilegum hætti.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofnunninnar.

Stofnunina ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er óháð öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

### 3. gr.

#### *Tilgangur.*

Tilgangur stofnunarinnar er að halda annað til þriðja hvert ár alþjóðlega bókmenntahátíð í Reykjavík með þátttöku innlendra og erlendra gesta.

### 4. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn og tveir til vara. Stjórnina skipa Halldór Guðmundsson, kt. 080256-4779, Einar Kárason, kt. 241155-4479, Örnólfur Thorsson, kt. 080654-4489, Thor Vilhjálmsson, kt. 120825-3219 og Sigurður G. Valgeirsson, kt. 220554-3419; varamenn eru, Friðrik Rafnsson, kt. 050259-7149 og Pétur Már Ólafsson, kt. 040965-4679.

Stjórnarmenn og varamenn þeirra sitja ótímabundið í stjórn. Hverfi menn úr stjórn eða varastjórn án þess að tilnefna mann í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann.

Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. þrír stjórnarmenn krefjast þess. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórn sé fullskipuð. Það sem gerist á fundum stjórnar skal fært til bókar.

### 5. gr.

#### *Starfssvið stjórnar.*

Stjórn Bókmenntahátíðar í Reykjavík fer með æðsta vald hennar, mótar stefnu og starfs-tilhögun hennar, vinnur að markmiðum hennar skv. 3. gr., setur henni starfsreglur og kemur fram fyrir hönd hennar, m.a. gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning.

## 6. gr.

*Reikningshald.*

Reikningsár Bókmenntahátíðar í Reykjavík er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Endurskoðaðir ársreikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár, ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

## 7. gr.

*Fjáröflun.*

Stofnunin veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum til starfsemi sinnar. Henni er heimilt að taka lán til sérstakra verkefna.

## 8. gr.

*Ráðstöfun eigna.*

Stjórn stofnunarinnar má ráðstafa tekjum og eignum hennar til að halda alþjóðlega bókmenntahátíð í Reykjavík og til málefna sem tengjast megingiltangi hennar skv. 3. gr.

## 9. gr.

*Breytingar á skipulagsskrá.*

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki 3/5 hluta stjórnar. Skulu breytingar hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

## 10. gr.

*Slit stofnunarinnar.*

Bókmenntahátíðinni í Reykjavík verður aðeins slitið með ákvörðun allra stjórnarmanna. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra fyrir slitunum.

Verði Bókmenntahátíðin í Reykjavík lögð niður skulu eignir hennar renna til Rithöfundasambands Íslands.

## 11. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sbr. lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. september 2003.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

---

*Bryndís Helgadóttir.*